



Ytra mat  
Leikskóli Snæfellsbæjar

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar – fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Björk Ólafsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir

© Menntamálastofnun, 2016.

ISBN 978-9979-0-2043-1

## Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna . . . . .	5
Inngangur . . . . .	7
Markmið og tilgangur . . . . .	7
Gagnaöflun . . . . .	7
Leikskólinn. . . . .	8
Leikskólinn og umhverfi hans . . . . .	8
Starfsmenn . . . . .	8
Húsnæði . . . . .	8
Útileiksvæði . . . . .	9
Hugmyndafræði og áherslur . . . . .	9
Stjórnun . . . . .	10
Stjórnskipulag og skipurit . . . . .	10
Námskrá og áætlanir . . . . .	10
Stjórnun og starfsmenn . . . . .	10
Fagleg forysta . . . . .	11
Starfsandi og starfsánægja . . . . .	13
Uppeldis- og menntastarf . . . . .	15
Námsaðstæður . . . . .	15
Starfshættir . . . . .	16
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna . . . . .	16
Námssvið . . . . .	17
Velferð og líðan barna . . . . .	18
Mat á námi og velferð barna . . . . .	18
Foreldrasamvinna og ytri tengsl . . . . .	20
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun . . . . .	20
Viðhorf foreldra . . . . .	20
Samstarf við grunnskóla . . . . .	20
Annað samstarf . . . . .	20
Skóli án aðgreiningar . . . . .	22
Sérfræðiþjónusta og sérkennsla . . . . .	22
Börn með annað móðurmál en íslensku . . . . .	22
Innra mat . . . . .	23
Samantekt. . . . .	23
Lokaorð . . . . .	26
Heimildir. . . . .	28



## Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér.

### ***Leikskólinn og umhverfi hans***

Leikskóli Snæfellsbæjar varð til við sameiningu leikskólanna Krílakots Ólafsvík og Kríubóls Hellissandi um áramót 2015–2016. Leikskólinn er fimm deilda og þar dvelja 98 börn og 35 starfsmenn. Að áliti matsaðila uppfyllir húsnæði í Ólafsvík ekki að öllu leyti kröfur varðandi rými sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt reglugerð um starfsumhverfi leikskóla. Húsnæði á Hellissandi og útileiksvæði á báðum stöðum er rúmgott og gefur möguleika á þroskaeflandi leikjum og verkefnum. Hlutfall leikskólakennara af starfsmannahópnum er 18% sem uppfyllir ekki ákvæði laga um menntun og ráðningu leikskólakennara. Sveitarfélagið hefur veitt starfsmönnum svigrúm til að mennta sig í leikskólafræðum. Leikskólinn starfar samkvæmt stefnu og áherslum sveitarfélagsins og hefur sett sér gildi/einkunnarorð fyrir starfið. Þörf er á að útfæra betur hugmyndafræði og áherslur leikskólans með aðkomu allra starfsmanna, barna og foreldra.

### ***Stjórnun – Skólabragur og samskipti***

Góð samvinna er við Félags- og skólabjónustu Snæfellinga um stuðning við starfsmenn og börn. Unnin hefur verið símenntunaráætlun til tveggja ára og starfsmenn meta tækifæri sín til símenntunar góð. Metnaður er í starfsmannahópnum til að vinna vel og skapa börnunum góð uppeldis- og þroskaskilyrði. Nokkuð er til af skráðum gögnum til stuðnings við leikskólastarfið og má þar nefna leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn, foreldrahandbók, framkvæmdaáætlun til eins árs, mánaðarskipulag, áætlun um viðbrögð við áföllum, rýmingaráætlun og áætlun um upphaf leikskólagöngu barna. Þörf er á að ljúka við gerð skólanámskrár og starfsáætlunar fyrir sameinaðan leikskóla, skrá verklag um móttöku nýrra starfsmanna og skrá verkferla vegna slysa og hafa sýnilega á deildum. Einnig er þörf á að gera fyrirliggjandi rýmingaráætlun sýnilegri á deildum og gera rýmingaræfingar reglulega. Skrá þarf hlutverk, verkaskiptingu og ábyrgðarsvið leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og hópstjóra. Leita þarf leiða til að sameina starfsmenn Kríubóls og Krílakots í einn samheldinn starfsmannahóp og vinna að því að bæta starfsanda og líðan starfsmanna.

### ***Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna***

Í leikskólanum er unnið samkvæmt vetrar- og sumaráætlun. Sumaráætlun leggur áherslu á vettvangsferðir og að nýta svæði utan leikskólans fyrir frjálsan leik. Tækifæri til vettvangsferða og útináms er mjög gott. Vetraráætlun gerir ráð fyrir að unnið sé með ákveðið þema í hverjum mánuði. Unnið er með Numikon og markvissa málörvun frá hausti fram á vor. Til að styrkja sjálfstæði barna og lýðræðislega þátttöku þeirra eru valkerfi á báðum starfsstöðum sem útfærð eru með mismunandi hætti. Unnið er að því að auka markvissa vinnu með námssviðin læsi og sjálfbærni. Börnunum líður vel í leikskólanum og starfsmenn eru stoltir af starfi sínu og bera mikla umhyggju fyrir börnunum. Þörf er á að vinna markvisst að því að samræma fagstarf leikskólans, viðbrögð við erfiðri hegðun barna og vinna með styrkleika beggja starfsstöðva. Æskilegt væri að nota fleiri viðurkenndar aðferðir við mat á námi og velferð barna.

***Foreldrasamvinna og ytri tengsl***

Foreldrafélög eru starfandi við báðar starfsstöðvar leikskólans og eru þau í góðu samstarfi við stjórnendur og starfsmenn og styðja vel við leikskólastarfið. Foreldrar eru ánægðir með leikskólann og daglega upplýsingagjöf en auka þarf upplýsingar um stöðu og framfarir barnanna. Einnig er þörf á að bæta upplýsingagjöf á heimasíðu. Skipulagt og gott samstarf er á milli leikskóla og grunnskóla og einnig er samstarf á milli leikskóla og tónlistarskóla. Leggja þarf áherslu á að kjósa í foreldraráð fyrir leikskólann sem fundar reglulega um málefni leikskólans.

***Skóli án aðgreiningar***

Sérkennslustjórar eru starfandi við leikskólann og skipulag sérkennslu er það sama á báðum starfsstöðvum. Unnið er sérstaklega að málörvun barna sem eru með annað móðurmál en íslensku. Vinna þarf stefnu varðandi stuðning/sérkennslu í leikskólanum. Mikilvægt er að mótuð verði stefna í leikskólanum í málum barna sem eiga annað móðurmál en íslensku og þekking starfsmanna varðandi þennan hóp aukin.

***Innra mat***

Í gögnum leikskólans kemur ekkert fram um vinnu við innra mat. Leikskólinn þarf að gera áætlun um innra mat á starfi leikskólans. Velja viðurkenndar leiðir og verkfæri til að meta starfið, auka þekkingu starfsmanna og setja matið í framkvæmd. Leggja þarf áherslu á að allir innan leikskólasamfélagsins komi að matinu, starfsmenn, foreldrar og börn. Greinargerðir um innra matið og umbótaáætlun á að birta á heimasíðu og/eða starfsáætlun leikskólans.

## Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskóla Snæfellsbæjar sem staðsettur er í Ólafsvík og á Hellissandi. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Björk Ólafsdóttur og Kolbrúnu Vigfúsdóttur og fór fram á vettvangi 25.–28. apríl 2016. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir; leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðiþjónusta og sérkennsla og innra mat.

## Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum<sup>1</sup>.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

## Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi. Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 9. mars á rafrænu formi<sup>2</sup>. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn dvöldu fjóra daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra, starfsmenn, foreldra og börn. Þar sem leikskólarnir eru nýlega sameinaðir og fjarlægð á milli þeirra nokkur voru rýnihópar með deildarstjórum, starfsmönnum og börnum teknir á báðum starfsstöðvum. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra og haft var samband við formann fræðslunefndar. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

<sup>1</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008.

<sup>2</sup> Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til<sup>3</sup>. Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

## Leikskólinn

Leikskóli Snæfellsbæjar er nýlega sameinaður úr tveimur leikskólum, Krílakoti Ólafsvík og Kríubóli Hellissandi. Formlega átti sameiningin sér stað í upphafi árs 2016 þó að aðdragandinn að henni hafi verið lengri<sup>4</sup>. Enn er að sögn formanns fræðslunefndar ýmsu ólokið í tengslum við sameininguna. Starfsstöðvarnar eru tvær, önnur í Ólafsvík (Krílakot) þar sem eru þrjár leikskóladeildir og 56 börn og hin á Hellissandi (Kríuból) þar sem eru tvær leikskóladeildir og 42 börn. Börnin eru á aldrinum 2–6 ára. Þrjú börn njóta stuðnings/sérkennslu, 27 börn eiga annað móðurmál en íslensku og sérstaklega er unnið að málörvun og/eða framburði 25 barna. Leikskólinn er opinn frá klukkan 7:40–16:15.

## Leikskólinn og umhverfi hans

### Starfsmenn

Við leikskólann starfa 35 starfsmenn í alls 29,2 stöðugildum, þar af 2 karlmenn og 33 konur. Leikskólakennarar eru sex og er hlutfall þeirra af starfsmannahópnum 18%. Leikskólinn uppfyllir því ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Við leikskólann starfa auk leikskólakennara einn grunnskólakennari, einn aðstoðarleikskólakennari, tveir leikskólaliðar, einn félagsliði og einn þroskaþjálfari. Aðrir eru ófaglærðir.

Leikskólastjóri og tveir aðstoðarleikskólastjórar eru með kennaramenntun, tveir með leikskólakennaramenntun og einn með grunnskólakennaramenntun. Þeir eru í 163% starfi sem stjórnendur. Aðstoðarleikskólastjórnir eru jafnframt sérkennslustjórar og sinna sérkennslu í samanlagt 103% starfshlutfalli. Fimm deildarstjórar starfa í leikskólanum og eru þrír þeirra með leikskólakennaramenntun.

Nokkur starfsmannavelta hefur verið á Kríubóli síðastliðið ár en í Krílakoti hefur starfsmannahópurinn verið nokkuð stöðugur.

### Húsnæði

Kríuból hýsir tvær leikskóladeildir. Húsnæðið uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Það er rúmgott, lýsing og hljóðvist góð. Húsið skiptist í fimm heimastofur auk salernisaðstöðu og fataklefa fyrir hvora deild. Rými er fyrir sérfræðiþjónustu, sem jafnframt er notað til funda og viðtala. Sameiginlegt vinnurými er fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra/sérkennslustjóra. Undirbúningsherbergi er fyrir starfsmenn, setustofa, hreinlætisaðstaða, læstir skápar og sér inngangur með fatahengi. Þá er í húsnæðinu framreiðslueldhús og búr. Aðstaða er í leikskólanum fyrir hreyfileiki og einnig er aðgangur að íþróttasal grunnskólans á Hellissandi sem er í göngufæri við leikskólann.

<sup>3</sup> Sjá nánar í lok skýrslunnar.

<sup>4</sup> Viðtal við formann fræðslunefndar.



Krílakot hýsir þrjár leikskóladeildir. Að áliti matsaðila uppfyllir húsnæðið ekki að öllu leyti kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Deildarrými og aðstaða fyrir leik barna uppfyllir skilyrði reglugerðar en rými fyrir starfsmenn telja matsaðilar vera ábótavant. Setustofa starfsmanna er staðsett í litlu rými á gangi þar sem er stöðugur umgangur. Í gegn um undirbúningsaðstöðu starfsmanna er gönguleið frá yngstu deild leikskólans yfir á eldri deildir sem skapar ónæði, auk þess sem aðstaðan er nýtt til annarra verkefna s.s. til listsköpunar, fyrir matmálstíma barna, fyrir sérfræðiþjónustu og sem viðtals- og fundarherbergi. Ekki er til staðar fjölnota rými til hreyfileikja en leikskólinn hefur aðgang að íþróttasal grunnskólans í Ólafsvík, sem er í göngufæri við leikskólann. Í leikskólanum er framreiðslueldhús og búr.

## Útileiksvæði

Útileiksvæði við bæði húsin eru rúmgóð og að mestu vel skipulögð og búin góðum leiktækjum. Svæðin utan leikskólanna beggja bjóða upp á mikla útivist og vettvangsferðir. Í rýnihópum kom fram ánægja með útileiksvæðin en jafnframt ábending um að viðhaldi á þeim og leiktækjum væri ábótavant<sup>5</sup>. Börn í rýnihópum óskuðu eftir fótboltamörkum og stórum kastala.

## Hugmyndafræði og áherslur

Starfsárið 2012–2013 komu allir starfsmenn Krílakots og Kríubóls að því að móta sameiginleg gildi fyrir leikskóla Snæfellsbæjar. Gildin eru þrjú: *Virðing – Vinátta – Gleði* og eru þau jafnframt skilgreind sem stefna leikskólans í vinnu með börnunum<sup>6</sup>. Frjáls leikur barna er hluti af áherslum leikskólans og fær mikið rými í leikskólastarfinu, sérstaklega á Kríubóli. Þá hefur markviss málörvun verið áhersluþáttur undanfarin ár og nú er verið að vinna að heildstæðri læsisstefnu í sveitarfélaginu í samvinnu leikskóla og grunnskóla. Vinna er jafnframt hafin við að móta áherslur í sjálfbærni og matarmenningu<sup>7</sup>. Að mati deildarstjóra vantar skýrari sýn, stefnu og markmið í leikskólanum.

### Styrkleikar

- Starfsmenn hafa sameinast um einkunnarorð/gildi fyrir leikskólann.
- Útileiksvæði og nærumhverfi gefur möguleika á þroskaeflandi leikjum og verkefnum.
- Lögð er áhersla á leikinn sem náms- og þroskaleið barnanna.
- Lögð er áhersla á markvissa málörvun.
- Verið er að vinna að læsisstefnu fyrir leikskólann.

### Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Leita þarf leiða til að húsnæði leikskólans í Ólafsvík uppfylli kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.
- Huga þarf að endurbótum á húsnæði, lóð og leiktækjum leikskólans.
- Draga þarf fram þær hugmyndafræðilegu áherslur sem leikskólastarfið tekur mið af og skilgreina stefnu og markmið í framhaldi af því.
- Gera mætti einkunnarorðin sýnilegri í leikskólanum og starfi hans.

<sup>5</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>6</sup> Starfsmannahandbók Leikskóla Snæfellsbæjar.

<sup>7</sup> Rýnihópur aðstoðarleikskólastjóra.

## Stjórnun

### Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans er Snæfellsbær. Á vegum sveitarfélagsins starfar fræðslunefnd sem skipuð er fimm fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af sveitarstjórn. Nefndin fer með faglegt og rekstrarlegt eftirlit með starfsemi leikskólans. Fundir í fræðslunefnd eru annan hvern mánuð yfir vetrarmánuðina<sup>8</sup>. Leikskólastjóri og báðir aðstoðarleikskóla- og sérkennslustjórarnir koma á fundi fræðsluráðs þegar málefni leikskólans eru til umræðu ásamt fulltrúa starfsmanna og foreldra leikskólans, sem hafa málfrelsi og tillögurétt<sup>9</sup>. Á fundunum er kallað eftir upplýsingum um leikskólastarfið og leikskólastjóri kemur með þau mál sem honum finnst að fræðslunefnd þurfi að vita af<sup>10</sup>. Skólafélag Snæfellsbæjar 2009–2012 liggur fyrir og hefur verið endurskoðuð þó ekki sé ljóst til hvaða árs endurskoðunin nær. Áherslur í skólafélaginu Snæfellsbæjar endurspeglast í starfi leikskólans. Skipurit sem sýnir yfirlit yfir stjórnskipulag í sveitarfélaginu m.t.t. leikskólans liggur fyrir.

Sveitarfélög á Snæfellsnesi sameinast um Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga þar sem starfa sálfræðingur, talmeinafræðingur, náms- og starfsráðgjafi og þroskaþjálfari sem leikskólinn hefur aðgang að. Samskipti við skólaþjónustu eru góð að mati stjórnenda og yfirleitt er ekki löng bið eftir þjónustu. Sálfræðingur kemur fast einu sinni í mánuði í leikskólann og talmeinafræðingur kemur hálfmánaðarlega. Að hausti er lögð fram áætlun um heimsóknir þeirra í leikskólann. Í samstarfi við Félags- og skólaþjónustuna var komið á samstarfi milli leik- og grunnskóla á Snæfellsnesi um sameiginlega starfsdaga.

### Námskrá og áætlanir

Ekki hefur verið unnin skólanámskrá fyrir hinn sameinaða leikskóla sem tekur mið af aðalnámskrá 2011. Fyrirliggjandi skólanámskrá Krílakots er frá árinu 2007 og skólanámskrá Kríukots er ódagsett en byggir á aðalnámskrá 1999. Vinna við nýjar skólanámskrár beggja leikskólanna var komin vel á veg þegar ákvörðun um að sameina leikskólana var tekin haustið 2014. Við þá ákvörðun var frekari vinna við skólanámskrárgerð sett í bið og lítið hefur verið unnið í henni frá þeim tíma. Við formlega sameiningu leikskólanna um áramótin 2015–2016 hófst undirbúningur að sameiginlegri skólanámskrá fyrir Leikskóla Snæfellsbæjar.

Starfsáætlun hefur ekki verið unnin í leikskólanum en fyrir liggur flest af því sem Aðalnámskrá leikskóla skilgreinir að eigi að birtast í starfsáætlun, svo sem skóladagatal og mánaðarskipulag auk þess sem ýmsar hagnýtar upplýsingar er að finna á heimasíðu. Einnig hefur verið gerð framkvæmdaáætlun fyrir starfsárið 2016–2017 þar sem fram koma markmið, aðgerðir til að vinna að markmiðum, ábyrgð aðgerða og tímarammi.

Nýlega hefur verið lokið við gerð starfsmannahandbókar, sem hefur að geyma hagnýtar upplýsingar fyrir starfsmenn leikskólans. Ekki liggja fyrir samræmdir verkferlar vegna slysa en starfsmenn fara reglulega á námskeið um skyndihjálpi. Öll slys eru skráð á slysaskráningarblöð og varðveitt til að unnt sé að greina slysaþættu. Áfallateymi og áætlun um viðbrögð við áföllum er til. Leikskólinn býr yfir rýmingaráætlun vegna bruna en brunaæfingar hafa ekki verið haldnar. Áætlun er til um upphaf leikskólagöngu barna. Jafnréttisstefna Leikskóla Snæfellsbæjar liggur fyrir.

### Stjórnun og starfsmenn

Stjórnendateymi leikskólans mynda leikskólastjóri, aðstoðarleikskóla- og sérkennslustjórarnir og deildarstjórnar<sup>11</sup>. Þó svo að rekstur leikskólanna hafi verið formlega sameinaður um síðustu áramót hefur leikskólastjórinn, sem áður stýrði einungis Krílakoti, stýrt báðum leikskólunum frá árinu 2009. Viðvera hans er með þeim hætti að hann er 2½ dag í viku á hvorri starfsstöð. Aðstoðarleikskólastjórarnir hafa

<sup>8</sup> Viðtal við formann fræðslunefndar.

<sup>9</sup> Starfsmannahandbók Leikskóla Snæfellsbæjar.

<sup>10</sup> Viðtal við formann fræðslunefndar.

<sup>11</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

fasta staðsetningu sinn á hvorri starfsstöðinni. Teymisfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra eru haldnir mánaðarlega. Deildarstjórafundur, með leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjórum eru haldnir tvisvar í mánuði á hvorri starfsstöð fyrir sig. Ekki eru enn sem komið er haldnir sameiginlegir deildarstjórafundir fyrir leikskólann í heild. Fundargerðir deildarstjórafunda eru skráðar og settar á kaffistofu starfsmanna. Deildarfundir eru haldnir einu sinni til tvisvar í mánuði. Upplýsingaflæði innan leikskólans er að sögn starfsmanna yfirleitt gott.

Verkaskipting leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er með þeim hætti að leikskólastjóri er í forsvari fyrir leikskólann, sér um rekstur, starfsmannahald og leikskólagjöld. Aðstoðarleikskólastjórar sjá um dagleg samskipti við starfsmenn og skipuleggja störf þeirra, afleysingar og undirbúningstíma, hvor á sinni starfsstöð<sup>12</sup>. Þeir sjá einnig um heimasíður leikskólanna og eru í forsvari fyrir sína starfsstöð þann 2½ dag sem leikskólastjóri er ekki til staðar. Þá sjá aðstoðarleikskólastjórnir um kaup á leikföngum og efniviði í samráði við leikskólastjóra. Ráðningu nýrra starfsmanna og að setja þá inn í starfið sjá leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar um í sameiningu. Deildarstjórar skipuleggja störf á deildum og hópstjórar skipuleggja vinnu sinna hópa. Verkaskipting leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er ekki skráð og að mati þeirra sjálfra mætti verkaskiptingin vera skýrari. Að mati deildarstjóra í Krúabóli vantar einnig skýrari og skráða verkaskiptingu á milli aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra þar.

Áætlun um skipulagsdaga og starfsmannafundi er sett upp fyrir starfsárið<sup>13</sup>. Náms- og skipulagsdagar eru þrjú á ári og starfsmannafundir eru haldnir mánaðarlega í allt að þrjár klukkustundir í senn. Hluti starfsmannafunda er gjarnan notaður fyrir deildarfundum. Fundargerðir starfsmannafunda eru skrifaðar í sérstaka fundargerðarbók.

Við ráðningu nýrra starfsmanna er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Allir starfsmenn undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu og aflað er upplýsinga úr sakavottorði áður en ráðning fer fram. Ekki liggur fyrir skráð verklag um móttöku nýrra starfsmanna.

Haustið 2015 vann Símenntunarstöðin á Vesturlandi greiningu á símenntunarþörf og -væntingum starfsmanna leikskólans. Í kjölfarið var lögð fram áætlun um símenntun starfsmanna til tveggja ára, til hausts 2017. Starfsdagar og starfsmannafundir eru nýttir til fræðslu og námsferða og haldin er skrá um þá símenntun sem starfsmenn sækja. Snæfellsbær hefur styrkt starfsmenn til náms í leikskólakennarafræðum, þroskaþjálfarafræðum og leikskólaliðsfræðum með því að gefa þeim kost á að vera frá vinnu í námslotum án skerðingar launa eða orlofs. Starfsmenn eru áhugasamir um að sækja sér endurmenntun og fá hvatningu til þess frá stjórnendum<sup>14</sup>. Þó var bent á í einum rýnihópi að auka þyrfti tækifæri og hvetja ófagmenntaða starfsmenn til símenntunar og fá þannig aukna þekkingu inn í starfsmannahópinn. Sögðu ófagmenntaðir starfsmenn sjálfir að þeir væru ekki mikið að óska eftir að fara á námskeið<sup>15</sup>.

Leikskólakennarar fá samningsbundinn undirbúningstíma. Deildarstjórar sem ekki eru leikskólakennarar fá einnig fastan undirbúningstíma. Starfsmenn deilda, sem sinna hópstjórn, fá undirbúningstíma eftir því sem aðstæður leyfa og sjá deildarstjórar um að skipuleggja þá.

## Fagleg forysta

Leikskólastjóri fer inn á deildir til að heilsa upp á börn og starfsmenn en ekki í þeim tilgangi að fylgjast með námi og starfi og veita endurgjöf<sup>16</sup>. Hann segist reyna að beina aðstoðarleikskólastjórunum meira í að gefa starfsmönnum endurgjöf en segist sjálfur reyna að hrósa ef hann sjái eitthvað vel gert. Aðstoðarleikskólastjórar segjast fara inn á deildir til að fylgjast með og gefa endurgjöf þegar þörf krefur en um reglulegt mat og endurgjöf er ekki að ræða<sup>17</sup>.

<sup>12</sup> Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

<sup>13</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>14</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>15</sup> Rýnihópur starfsmanna.

<sup>16</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>17</sup> Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Síðastliðin tvö ár var sá háttur hafður á með starfsþróunarsamtöl að leikskólastjóri tók einungis viðtöl við deildarstjóra og aðstoðarleikskólastjóra en deildarstjórar áttu að taka viðtöl við starfsmenn sinna deilda. Í Kríubóli var að sögn starfsmanna misbrestur á að viðtölin væru tekin en í Krílakoti fóru viðtölin fram en engin sérstök ánægja var meðal starfsmanna og deildarstjóra með þetta fyrirkomulag. Ákveðið var því að breyta þessu og eru starfsþróunarsamtöl á dagskrá hjá leikskólastjóra núna í vor.

Viðhorf til faglegrar forystu stjórnenda var mismunandi eftir Krílakoti og Kríubóli. Starfsmenn á Kríubóli nefndu að leikskólastjóri væri ekki mjög sýnilegur og ekki væri alltaf gott að leita til hans<sup>18</sup>. Aðstoðarleikskólastjórinn væri heldur ekki aðgengilegur þar sem hann væri í hlutastarfi og drjúgur tími af hans viðveru færi í sérkennslu, starfsmenn sögðust þó frekar leita til hans en til leikskólastjóra. Nefnt var að deildarstjórar væru mikið frá vegna náms og væru auk þess ekki í fullu starfi og því kæmust þeir ekki yfir að skipuleggja starfið og leiðbeina starfsmönnum. Starfsmenn sögðust af þessum sökum lítið leita til stjórnenda og reyna þess í stað að leysa málin sem mest sjálfir. Bent var á í þessu samhengi að hópstjórar væru með ábyrgð á sínum hóp en hefðu litla möguleika á að undirbúa vinnu sína þar sem undirbúningstími væri stopull og félli oft niður. Þeir upplifa sig því með talsverða ábyrgð en fá ekki leiðbeiningu að sama skapi til að standa undir þeirri ábyrgð. Þegar deildarstjórar á Kríubóli voru spurðir hvort þeir fylgdust með á sinni deild og gæfu starfsmönnum endurgjöf nefndu þeir að vegna opna starfsins í leikskólanum ættu þeir erfitt með að hafa yfirsýn yfir deildina sína<sup>19</sup>. Einnig sögðu þeir að staðan í húsinu væri þannig að ábendingum frá þeim væri ekki alltaf vel tekið. Nokkuð vantar á að mati deildarstjóra og starfsmanna á Kríubóli að leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri þekki aðstæður og vinnu á deildum og eigi þeir það því til að taka ákvarðanir sem ekki er hægt að framfylgja.

Starfsmenn í Krílakoti lýstu yfir almennri ánægju með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og sögðust ekki ósáttir við neitt í þeirra stjórnunarháttum<sup>20</sup>. Nefndu þeir stjórnunina og hve gott væri að leita til stjórnenda sem einn af helstu styrkleikum leikskólans. Aðgengi að stjórnendum er gott og vel er tekið á þeim málum sem upp koma að mati starfsmanna. Þegar deildarstjórar í Krílakoti voru spurðir hvort þeir fylgdust með á sinni deild og gæfu starfsmönnum endurgjöf sögðu þeir að þeir reyndu að hrósa en töldu að þeir gætu gert betur<sup>21</sup>. Starfsmönnum finnst þeir ekki hafa mikla aðkomu að ákvörðunum sem eru teknar fyrir leikskólann í heild en segjast geta komið með hugmyndir og haft áhrif á ákvarðanir sem eru teknar innan deilda<sup>22</sup>.

Aðgengi barnanna að leikskólastjóra er mismunandi eftir því hvor starfsstöðin er<sup>23</sup>. Á Kríubóli er skrifstofa leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra staðsett við gang þar sem börnin eiga oft leið um og hafa þau því gott aðgengi að stjórnendum. Í Krílakoti aftur á móti er skrifstofa leikskólastjóra staðsett þar sem börnin leggja sjaldan leið sína og hafa þau því ekki greiðan aðgang að honum. Börn í rýnihópum í Kríubóli og Krílakoti vissu hverjir væru stjórnendur og gátu nefnt þá með nafni. Foreldrar í rýnihópi sögðu aðgengi að stjórnendum gott, auðvelt væri að ná í stjórnendur, samskipti væru góð og vel væri brugðist við óskum foreldra<sup>24</sup>. Bentu foreldrar þó á að auka mætti aðkomu foreldra að ákvörðunum í leikskólastarfinu.

Samstarf á milli starfsstöðvanna Krílakots og Kríubóls er ekki mikið. Starfsmannafundir, starfsdagar og námskeið eru haldin sameiginlega en að öðru leyti er ekki um samvinnu að ræða nema meðal stjórnenda. Að mati starfsmanna er leikskólinn ekki orðin ein stofnun, heldur tveir ólíkir leikskólar<sup>25</sup>.

<sup>18</sup> Rýnihópur starfsmanna.

<sup>19</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>20</sup> Rýnihópur starfsmanna og deildarstjóra.

<sup>21</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>22</sup> Rýnihópur starfsmanna.

<sup>23</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>24</sup> Rýnihópur foreldra.

<sup>25</sup> Rýnihópur starfsmanna.

## Starfsandi og starfsánægja

Starfsmenn eru stoltir af leikskólastarfinu og hafa trú á gæðum þess<sup>26</sup>. Flestir vilja vinna vel og samvirkusemi einkennir hópinn á báðum starfsstöðvum sem birtist meðal annars í lítilli fjarveru starfsmanna vegna veikinda eða af öðrum ástæðum. Starfsmannafélög eru á báðum starfsstöðum sem standa fyrir uppákomum til að efla starfsandann<sup>27</sup>.

Að sögn þeirra stjórnenda og starfsmanna sem rætt var við í viðtölum og rýnihópum er mismunur á starfsanda á starfsstöðunum. Á Kríubóli er búinn að vera erfiður starfsandi í vetur og hefur sumum starfsmönnum ekki liðið vel í starfi vegna þess<sup>28</sup>. Þreyta er í hópnum að sögn starfsmanna og andrúmsloftið þungt. Nefnt var að illt umtal innan starfsmannahópsins ylli vanlíðan og upp á vantaði að allir væru tilbúnir að leggja sitt af mörkum við að mynda góðan starfsanda. Þá var minnst á að togstreita væri á milli fagmenntaðra og ófagmenntaðra starfsmanna. Í Krílakoti hefur starfsandinn aftur á móti verið góður frá síðastliðnu hausti og samheldni einkennir starfsmannahópinn<sup>29</sup>. Andrúmsloftið er að sögn starfsmanna létt og þeim líður vel í vinnunni. Vel er tekið á málum, þau rædd og leyst. Góður starfsandi í Krílakoti var í rýnihópi deildarstjóra nefndur sem einn af helstu styrkleikum Krílakots<sup>30</sup>.

Á stjórnendum og hluta starfsmanna var að heyra að lítið samráð og stuðningur við sameiningu leikskólanna hefði komið niður á starfsandanum og traust vantaði til bæjarstjórnar.

### Styrkleikar

- Áherslur í skólastefnu Snæfellsbæjar endurspeglast í starfi leikskólans.
- Stjórnendur funda reglulega með fræðslunefnd sveitarfélagsins.
- Góð samvinna er við Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn.
- Framkvæmdaáætlun til eins árs með markmiðum og aðgerðum liggur fyrir.
- Áætlun um viðbrögð við áföllum hefur verið skráð.
- Rýmingaráætlun vegna bruna liggur fyrir.
- Áætlun er til um upphaf leikskólagöngu barna.
- Mótuð hefur verið jafnréttisstefna.
- Sveitarfélagið styður við starfsmenn sem mennta sig leikskólafræðum.
- Símenntunaráætlun er unnin út frá greiningu á þörf og væntingum starfsmanna til símenntunar.
- Starfsmenn fá tækifæri og svigrúm til símenntunar.
- Starfsmenn hafa trú á gæðum leikskólastarfsins og eru stoltir af starfi sínu.

<sup>26</sup> Rýnihópar starfsmanna og deildarstjóra.

<sup>27</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>28</sup> Rýnihópur starfsmanna.

<sup>29</sup> Rýnihópur starfsmanna.

<sup>30</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

### Tækifæri til umbóta

- Leggja þarf áherslu á að ljúka við gerð skólanámskrár sem tekur mið af Aðalnámskrá leikskóla 2011 og birta á heimasíðu leikskólans.
- Í samræmi við Aðalnámskrá 2011 þarf að vinna árlega starfsáætlun og birta á heimasíðu leikskólans.
- Skólanámskrá og starfsáætlun skal vinna í samstarfi við leikskólakennara, aðra starfsmenn, börn og foreldra.
- Skrá ætti verkferla vegna slysa og hafa sýnilega á deildum leikskólans.
- Öryggis- og rýmingaráætlun ætti að vera sýnileg á öllum deildum leikskólans og gera þarf rýmingaræfingar reglulega.
- Skrá þarf verklag um móttöku og upplýsingagjöf til nýrra starfsmanna.
- Gera þarf skipurit með starfslýsingum fyrir leikskólann og skrá hlutverk, verkaskiptingu og ábyrgðarsvið stjórnenda.
- Taka þarf starfspróunarsamtöl reglulega.
- Huga þarf að því hvernig hægt er að sameina starfsmenn Kríubóls og Krílakots í einn samheldinn starfsmannahóp.
- Styðja þarf sérstaklega við hópstjóra sem ekki fá fastan undirbúningstíma.
- Leita þarf leiða til að bæta starfsanda í leikskólanum og líðan starfsmanna.
- Æskilegt er að stjórnendur fylgist með námi og starfi í því skyni að veita starfsmönnum endurgjöf.

## Uppeldis- og menntastarf

### Námsaðstæður

Umhverfi utan útileiksvæðis beggja starfsstöðvanna býður upp á mikla möguleika til útináms og gönguferða og er það nýtt nokkuð vel á báðum stöðum. Á Kríubóli er leikskólinn með útikennslustofu í samstarfi við grunnskólann en að sögn deildarstjóranna hafa starfsmenn ekki nýtt þessa aðstöðu nógu vel<sup>31</sup>. Leikskólinn setur upp sérstaka sumaráætlun sem gildir frá 11. maí til 31. ágúst<sup>32</sup> og að sögn deildarstjóra á Kílakoti er umhverfið þá meira nýtt til gönguferða og útináms<sup>33</sup>. Efniviður innanhúss í báðum húsum er fjölbreyttur, aðgengilegur fyrir börn og starfsmenn og höfðar til fjölbreyttra áhugasviða barnanna. Efniviður leikskólans mætti endurspegla betur margbreytileika barnahópsins svo sem með myndum, bókum og tónlist.

Í rýnihópi barna í Kríubóli kom fram að þau vildu gjarnan hafa meira “dót” og nefndu þar meðal annars að þau vildu “hafa rosalega flotta bíla og legóhús”<sup>34</sup>. Börnin á Kílakoti sögðu líka að þau vildu meira dót og nefndu þar “dýr, bíla, dúkkur og kubba”<sup>35</sup>.

Sameiginlegt mánaðarskipulag er fyrir leikskólann. Þar kemur fram gróf áætlun fyrir hvern mánuð frá september til maí. Unnið er með Numicon og markvissa málörvun yfir allt skólaárið. Hver vetrarmánuður hefur sitt þema: umhverfið, bókin, þjóðsögur, jólin/ljós og skuggi, tannvernd, vináttan, heilsuvernd og umferðarfræðsla. Í maí tekur við sumaráætlun fram í enda ágúst. Þar er lögð aukin áhersla á vettvangsferðir og frjálsi leikurinn fluttur meira út á útileiksvæðið. Nokkrir þættir í dagskipulagi eru þeir sömu á báðum starfsstöðvum. Dagurinn skiptist í frjálsum leik, hópastarf og útivist. Opnunartími, hádegisverður og síðdegishressing er á sama tíma og útivera er fyrir og eftir hádegi alla daga. Hópastarf og samverustundir eru í dagskipulagi beggja starfsstöðva. Í hópastarfi er börnunum skipt upp í hópa og tekið fyrir afmarkað efni sem ákveðið er af deildarstjórum og starfsmönnum deilda. Lögð er áhersla á málörvun í leikskólanum í almennu starfi en einnig í minni hópum. Elstu börn leikskólans vinna svo kölluð “elstubarna verkefni” einu sinni í viku. Þessi verkefni miða að því að börnin fái innsýn í þau verkefni sem bíða þeirra þegar grunnskólaganga hefst. Í frjálsum leik er reynt að bjóða upp á verkefni sem taka á flestum þroskasviðum barnanna og áhersla lögð á að börnin fái góðan samfelldan tíma til að þróa leik sinn sem best og hafi val um fjölbreyttan efnivið.

Skipulag húsnæðisins á Kríubóli er opið og gerir ráð fyrir fjölbreytni í viðfangsefnum barna sem auðveldar gott samstarf milli deilda í leikskólanum. Í leikskólanum er listaherbergi sem nýtt er fyrir öll börn leikskólans. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram ánægja með skipulag húsnæðisins sem býður upp á góða möguleika til samstarfs<sup>36</sup>.

Skipulag húsnæðis í Kílakoti gefur möguleika fyrir nokkra fjölbreytni í viðfangsefnum barna og tækifæri til samskipta milli þeirra. Ekki er mikið sameiginlegt rými í leikskólanum en hægt er að opna milli deilda og skapa þannig möguleika á hreyfileikjum og stærri uppákomum. Ekki er sameiginlegt listaherbergi í leikskólanum.

Skipulag uppeldisstarfsins er ekki það sama á báðum starfsstöðvum.

Á Kríubóli er svæðaval í öllum leikskólanum fyrir hádegi fjóra daga vikunnar en eftir hádegi er svæðaval eða útivera. Öll börnin í leikskólanum taka þátt í svæðavalinu sem fer fram á öllu leiksvæði leikskólans. Börnin velja sjálf verkefni og leikfélaga, hitta vini og systkini frá öðrum deildum á leiktímanum og geta skipt um verkefni á val tímanum. Svæðaval á Kríubóli byggist á samstarfi allra starfsmanna innan leikskólans. Einu sinni í viku er heimastofudagur þar sem börnin eru inni á sinni heimastofu og unnið er að þemavinnu mánaðarins.

<sup>31</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>32</sup> Gögn frá leikskólastjóra.

<sup>33</sup> Rýnihópar deildarstjóra.

<sup>34</sup> Rýnihópur barna.

<sup>35</sup> Rýnihópur barna.

<sup>36</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

Í Krílakoti er „litla val“ milli eldri deilda tvisvar í viku og „stóra val“ yfir allan leikskólann einu sinni í viku. Hringekja er á eldri deildum tvisvar í viku. Líkt og á Kríubóli taka öll börnin í leikskólanum þátt í stóra vali. Valið fer fram á öllu leikskvæði leikskólans en verkefni eru skipulögð af starfsmönnum. Deildarstjórar í Krílakoti töluðu um að fylgjast þurfi með því að yngsta deildin einangrist ekki frá þeim eldri þar sem hún er staðsett í öðrum enda hússins heldur en eldri deildirnar tvær<sup>37</sup>.

## Starfshættir

Deildarstjórar sjá um heildarskipulag uppeldis- og menntastarfs á báðum starfsstöðvum og allir starfsmenn á deildum eru hópstjórar. Hópstjórar vinna hver með sinn hóp, fylgjast með náms- og þroskaframförum barnanna og sjá um foreldraviðtöl. Samstarf og samábyrgð starfsmanna á deildum er sýnilegt á báðum starfsstöðvum. Fram kom hjá deildarstjórum og starfsmönnum að mismunandi er hversu samstarf innan deilda er gott.

Deildarstjórar á Kríubóli segja að samstarf á deildum sé í flestum tilfellum gott en stundum skorti á vilja til samvinnu hjá einstaka starfsmönnum<sup>38</sup>. Hjá starfsmönnum kom fram að samstarf starfsmanna væri mismunandi milli deilda<sup>39</sup>.

Deildarstjórar á Krílakoti segja samstarf á deildum vera mjög gott. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að starfsmenn deila hugmyndum og vinna ýmist með þær saman eða hver fyrir sig.

## Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Lýðræðisleg þátttaka barna í leikskólastarfinu er ekki með markvissum hætti og mismunandi er milli starfsstöðva hversu mikið val börnin hafa.

Á Kríubóli er svæðaval alla daga vikunnar og þar fá börnin að velja verkefni og félag þvert á allar deildir. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að lýðræði barna birtist í vali á verkefnum og stöðvum í valinu, börnin fá að velja viðfangsefni inni á valsvæðunum og við hvern þau leika. Valkerfið sögðu þeir vera jákvætt og skapa rólegt andrúmsloft þar sem minna áreiti er þegar hægt er að vera með minni barnahópa<sup>40</sup> í sama streng tók leikskólastjóri og börn í rýnihópi<sup>41</sup>. Matsmenn urðu vitni að þessari vinnu og sáu meðal annars hvernig vinir og systkini unnu saman á vinnustöðvunum.

Börnin á Kríubóli koma almennt ekki að stærri ákvörðunum í leikskólanum en leikskólastjóri og deildarstjórar töluðu um að það væri eitthvað sem rétt væri að skoða í tengslum við gerð nýrrar námskrár. Á annarri deildinni höfðu elstu börnin á Kríubóli búið til reglur fyrir sinn hóp sem þau sögðu vera: “bannað að stríða, má smá grínast og ekki plata. Við krakkarnir bjuggum til reglurnar, konan prentaði á miða”<sup>42</sup>. Matsmenn sáu þessar reglur á vegg og höfðu börnin skrifað nöfnin sín undir þær. Í rýnihópi foreldra kom fram mikil ánægja með svæðaval á Kríubóli, “börnin fá að velja út frá sínu áhugamáli og valið er líka aldursblandað”<sup>43</sup>. Ekki var sýnilegt að lögð væri áhersla á sjálfshjálp barnanna við matarborð og í fataklefa.

Í Krílakoti er stóra val einu sinni í viku þar sem öll börnin velja viðfangsefni þvert á leikskólann en koma ekki að ákvörðunum um hvaða viðfangsefni eru í boði. Tvisvar í viku er litla val á elstu deildum þar sem börnin fá stundum að velja milli verkefna og stundum fá þau að taka þátt í að skipuleggja verkefni. Á föstudögum hafa börnin meira frelsi innan eldri deilda og áhrif á verkefnaval<sup>44</sup>. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að börnin fá stundum að velja milli tveggja eða fleiri möguleika til að hafa áhrif á verkefni. Sem dæmi nefndu deildarstjórar hringekjuna sem er tvisvar í viku á eldri deildum. Þar geta þau haft áhrif á hvað er í boði á hverri stöð og skipt eftir 15 mínútur þannig að þau prófi allar stöðvarnar<sup>45</sup>. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að stóra val sé tilraun til að koma á meira lýðræði fyrir börnin<sup>46</sup>. Matsmenn urðu vitni að framkvæmd á stóra valinu. Þar sem öll börnin fóru á sama stað til að velja sér

<sup>37</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>38</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>39</sup> Rýnihópur starfsmanna.

<sup>40</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>41</sup> Viðtal við leikskólastjóra og rýnihóp barna.

<sup>42</sup> Rýnihópur barna á Hellissandi.

<sup>43</sup> Rýnihópur foreldra.

<sup>44</sup> Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

<sup>45</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>46</sup> Viðtal við leikskólastjóra.



verkefni skapaðist nokkur bið og órói myndaðist meðal barnanna. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að börnin komi ekki almennt að ákvarðanatöku en ætlunin sé að reyna að auka sjálfstæði þeirra t.d. í matartímum með því að börnin skammti sér matinn sjálf<sup>47</sup>.

Í rýnihóp barna í Krílakoti kom fram að til væru reglur í leikskólanum “ekki stríða, eða segja ljótt” en þau voru ekki sammála um hvort þau hefðu gert reglurnar eða kennarinn. Börnin nefndu að í hringekju mættu þau skipta um verkefni þegar þau vildu en það mættu þau ekki gera í vali, þá þyrftu þau að vera ákveðinn tíma á hverjum stað<sup>48</sup>.

## Námssvið

Í leikskólanum hefur ekki verið unnin skólanámskrá en í vinnugögnum frá vorinu 2014 er að finna hugmyndir um vinnu við námssviðin sem unnar voru í hvorum leikskóla fyrir sig og síðan sameinaðar í eitt skjal<sup>49</sup>. Í nýútkominni starfsmannahandbók er fjallað um grunnþætti menntunar og hvernig þeir eiga að fléttast í allt leikskólastarfið<sup>50</sup>.

Í viðtali við leikskólalastjóra kom fram að unnið er að því að auka þátt læsis í leikskólanum. Aðstoðar-leikskólalastjórar vinna nú að því að skrá hvernig unnið er með læsi og setja fram hugmyndir um hvernig megi bæta þá vinnu. Þáttur í þessu átaki er fyrirhuguð fræðsla fyrir alla starfsmenn leikskólans. Einnig talaði leikskólalastjóri um að samhliða vinnu við aukna áherslu á læsi væri unnið að því að auka vinnu með sjálfbærni<sup>51</sup>.

Á báðum starfsstöðvum er unnið með flokkun en í rýnihópi starfsmanna í Krílakoti kom fram að mikilvægt væri að leikskólinn tæki sig enn betur á í umhverfismálum, bæði innan leikskólans og með foreldrum<sup>52</sup>.

Unnið er markvist með heilbrigði og vellíðan í leikskólanum. Mikið er um hreyfingu í útiveru, vettvangsferðum og útinámi og vikulega fara börnin í íþróttahús. Í gangi er vinna við að endurskoða matinn í leikskólanum og leggja á í auknum mæli áherslu á að matur sé unninn frá grunni. Í rýnihópi starfsmanna á Kríubóli kom fram að bæta þurfi matinn<sup>53</sup>. Starfsmenn í Krílakoti voru ánægðir með matinn<sup>54</sup>.

Á báðum starfsstöðum er unnið með Numikon sem er kennsluáðferð í stærðfræði<sup>55</sup>. Á báðum stöðum er einnig unnið með læsi þó svo að nokkur munur sé á framkvæmdinni. Bækur eru ekki mikið sýnilegar eða aðgengilegar fyrir börnin.

Á Kríubóli er ritmál ekki mikið sýnilegt og ekki í augnhæð barnanna. Þrjá daga vikunnar er lestur fyrir börnin og elstu börnin vinna í samverustundum með lestraræfingar. Deildarstjórar sögðu að unnið væri með frásagnir barnanna í samverustundum þar sem þau segja frá því sem þau hafa upplifað og í samverustundum elstu barnanna væru þau að búa til sögur<sup>56</sup>. Börn í rýnihópi á Kríubóli sögðust vera að æfa sig í að reikna, telja og lesa í leikskólanum<sup>57</sup>.

Í Krílakoti er ritmál vel sýnilegt og yfirleitt í augnhæð barnanna. Samkvæmt dagskipulagi er gert ráð fyrir lestri/samverustund daglega. Samkvæmt upplýsingum starfsmanna er unnið að eflingu sjálfsmýndar barnanna í samverustundum, t.d. eru börnin látin kynna sig með nafni og segja í hverju þau séu góð<sup>58</sup>. Ekki var sýnilegt að mikið væri unnið með frásagnir barna, sögu- eða ljóðagerð. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að ekki er unnið markvist með þennan þátt en þó væri lítillega unnið með sögugerð á elstu deildinni<sup>59</sup>. Matsmenn sáu afrakstur slíkrar vinnu barnanna á vegg annarrar eldri deildarinnar.

<sup>47</sup> Rýnihópur starfsmanna.

<sup>48</sup> Rýnihópur.

<sup>49</sup> Gögn frá leikskólalastjóra.

<sup>50</sup> Gögn frá leikskólalastjóra – Starfsmannahandbók.

<sup>51</sup> Viðtal við leikskólalastjóra.

<sup>52</sup> Rýnihópur starfsmanna.

<sup>53</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>54</sup> Rýnihópur starfsmanna.

<sup>55</sup> Betra nám.

<sup>56</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>57</sup> Rýnihópur barna.

<sup>58</sup> Rýnihópur starfsmanna.

<sup>59</sup> Rýnihópur starfsmanna.

## Velferð og líðan barna

Andrúmsloft á deildum er yfirleitt afslappað og einkennist af virðingu fyrir börnunum. Starfsmenn leitast við að sinna börnunum einstaklingslega og stuðla að því að allir eigi sinn rétt í barnahópnum. Í rýnihópum kom fram að í leikskólanum er lögð áhersla á að taka vel á móti hverju og einu barni og kveðja það í lok dags<sup>60</sup>. Foreldrar sögðu að börnunum líði vel í leikskólanum og væru almennt glöð að mæta í hann<sup>61</sup>. Þó nefndu foreldrar að það færi stundum eftir því hver væri að taka á móti börnunum hversu glöð þau væru að verða eftir.

Í rýnihópi sögðu starfsmenn á Kríubóli að börnin í leikskólanum lærðu mikið sjálfstæði. Nefndu þeir að áhersla væri á að hlúa vel að börnunum, hafa hag þeirra í fyrirrúmi og útskrifa kröftuga og klára einstaklinga<sup>62</sup>. Í rýnihópi starfsmanna á Krílakoti kom einnig fram að þeir bæru hag barnanna fyrir brjósti. Starfsmenn á báðum starfsstöðunum sögðust vera stoltir af því starfi sem unnið er með börnunum<sup>63</sup>. Ekki er samræmt kerfi í leikskólanum um hvernig best er að taka á krefjandi hegðun barna. Í rýnihópi kom fram að starfsmenn reyna að samræma sín á milli aðferðir við að mæta erfiðri hegðun<sup>64</sup>.

Matsmenn sáu glöð og áhugasöm börn á báðum starfsstöðum leikskólans og almennt góð samskipti innan hópsins. Ekki virtist mikið um árekstra innan barnahópanna.

## Mat á námi og velferð barna

HLJÓM 2, sem er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna, er lagt fyrir árlega. Foreldrar fylla út Orðaskil og Íslenska þroskalistann ef þörf er talin á. Fyrir foreldraviðtöl fylla hópstjórar út matslista fyrir börnin þar sem metnar eru framfarir í fín- og grófhreyfingum, málþroska, tilfinningaþroska og þátttöku í leik. Þessir matslistar eru geymdir frá ári til árs til að unnt sé að fylgjast með framförum. Hvorki foreldrar né börn koma að þessu mati. Ekki fara fram neinar sérstakar uppellislegar skráningar að sögn deildarstjóra. Vísir er að skráningum í ferilmöppum sem fylgja börnunum en þær sýna ekki nægilega vel framfarir barnanna<sup>65</sup>. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir vilja fylgjast betur með hvernig börnunum gengur í leikskólanum og vera í meiri samvinnu við starfsmenn. Þeir segjast fá upplýsingar í foreldraviðtölum um hvernig börnin standa þroska- og félagslega en vilja vita hvað starfsmönnum finnst æskilegt að leggja áherslu á að bæta svo foreldrar getið líka unnið með það heima. Að mati foreldra er leikskólinn ekki nægilega duglegur að leita til foreldra um samvinnu t.d. um eflingu málþroska. Fram kom í rýnihópi foreldra að betur væri staðið að þessu í Kríubóli þar sem aðstoðarleikskólastjóri væri í góðu sambandi við foreldra, upplýsi um hvernig málörvun gengur og sendi foreldra með verkefni heim. Foreldrar á Krílakoti sögðust vilja fá betri upplýsingar um stöðu og framvindu barnanna.

<sup>60</sup> Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

<sup>61</sup> Rýnihópur foreldra.

<sup>62</sup> Rýnihópur starfsmanna.

<sup>63</sup> Rýnihópur starfsmanna.

<sup>64</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>65</sup> Rýnihópar deildarstjóra.

## Styrkleikar

- Tækifæri til vettvangsferða og útináms er mjög gott.
- Í leikskólanum er skóladagatal fyrir skólaárið og mánaðarskipulag þar sem fram kemur hvaða þema er unnið með hvern mánuð.
- Leikskólinn setur upp sérstaka sumarátætlun þar sem lögð er áhersla á vettvangsferðir og að nýta svæði utan leikskólans meira fyrir frjálsan leik.
- Valkerfi á Kríubóli styrkir sjálfstæði barna og lýðræðislega þátttöku.
- Unnið er með læsi og í vinnslu er að auka þá vinnu og samræma milli starfsstöðva. Einnig er í undirbúningi að auka þekkingu starfsmanna með utanaðkomandi fræðslu.
- Unnið er með flokkun á báðum starfsstöðum.
- Unnið er markvisst með Númikon og markvissa málörvun á báðum starfsstöðum.
- Verið er að endurskoða og bæta gæði matarins í leikskólanum.
- Andrúmsloft leikskólans er afslappað og foreldrar telja að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Starfsmenn eru stoltir af starfi sínu og bera mikla umhyggju fyrir börnunum.

## Tækifæri til umbóta

- Þörf er á að vinna með styrkleika beggja starfsstöðva og skapa samræmi í fagstarfi leikskólans.
- Æskilegt væri að meta aðferðir við flokkun í leikskólanum og fá foreldra í samstarf um sjálfbærni.
- Í tengslum við vinnu með læsi mætti auka þátt ritmáls í leikskólanum Kríubóli.
- Bækur ættu að vera sýnilegri og aðgengilegar fyrir börnin.
- Viðbrögð við erfiðri hegðun barna ættu að vera skráð og þau sömu á báðum starfsstöðvum.
- Æskilegt væri að nota fleiri viðurkenndar aðferðir við mat á námi og velferð barna.

## Foreldrasamvinna og ytri tengsl

### Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er ekki starfandi við leikskólann. Tvö foreldrafélög eru starfandi, eitt fyrir hvora starfsstöð. Gott samstarf er milli starfsmanna og foreldrafélaga á báðum starfsstöðvum. Foreldrafélög taka þátt í að styrkja leikskólann vegna árlegra verkefna, s.s. jólaball, öskudagsgleði, páskagleði og útskrift elstu barnanna.

Upplýsingum er komið til foreldra á upplýsingatöflum við deildir leikskólans, á heimasíðu leikskólans, á lokaðri feisbókasíðu (facebook), í tölvupósti og með dreifibréfum í hólfi barnanna. Á báðum starfsstöðvum hafa verið gefnar út foreldrahandbækur. Foreldrahandbók Kríubóls var gefin út 2015–2016. Í handbókinni eru upplýsingar um uppeldisstarfið, samstarf við foreldra auk hagnýtra upplýsinga um opnunartíma, húsnæði og fleira. Í handbókinni er einnig að finna upplýsingar um fjölda barna og starfsmanna, leikskólagjöld og vistunartíma. Í foreldrahandbók Krílakots kemur ekki fram útgáfuár. Í handbókinni er að finna upplýsingar um aðlögun barna, hlutverk starfsmanna, einkunnarorð leikskólans, uppeldisstarfið, vistunartíma, dagskipulag, samstarf við foreldra og ýmsa hagnýta þætti er þá varðar.

### Viðhorf foreldra

Foreldrar í rýnihópi voru í heildina jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og starfsmenn hans. Þeir sögðu að starfsmenn væru í góðum samskiptum við börnin og þeim væri umhugað um velferð þeirra. Foreldrar þekkja einkunnarorð leikskólans og telja þau vera sýnileg í leikskólastarfinu. Þeir voru almennt ánægðir með upplýsingagjöf frá leikskólanum og segja hana betri nú en áður. Þeir bentu þó að að stundum vanti á upplýsingar sem varða breytingar á leikskólastarfinu og nefndu þar sem dæmi breyttar áherslur í mataræði leikskólans. Foreldrar bentu einnig á að bæta þurfi heimasíðu leikskólans. Að mati þeirra er brugðist vel við óskum og ábendingum foreldra.

### Samstarf við grunnskóla

Leikskólinn er í formlegu samstarfi við Grunnskóla Snæfellsbæjar. Leikskólabörnin fara mánaðarlega í heimsókn í grunnskólann á Hellissandi þar sem þau taka þátt í kennslustundum. Vorskóli er tvo til þrjú daga í maí, þann tíma eru leikskólabörnin í grunnskólanum og yngsti bekkur grunnskólans dvelur á meðan í leikskólanum. Deildarstjórar á elstu deildum leikskólans hafa umsjón með þessu samstarfi. Skilafundur með grunnskólanum er á vorin vegna þeirra barna sem eru að byrja í grunnskólanum.

### Annað samstarf

Nærsamfélagið á Hellissandi og í Ólafsvík er mjög opið fyrir samstarfi við leikskólann. Samstarf er við dvalarheimilið og fara börnin tvisvar á ári og syngja fyrir heimamenn. Á vorin fara tveir elstu árgangarnir í vettvangsferð og heimsækja t.d. bókasafnið, Fiskmarkaðinn, Átthagastofuna, bakaríið og/eða bankann. Á Öskudaginn er farið á bæjarskrifstofuna og í sjoppuna. Báðar starfsstöðvar eru í samstarfi við tónlistarskóla staðarins, kennari þaðan kemur reglulega í leikskólann og börnin fara í heimsókn í tónlistarskólann.

### Styrkleikar

- Foreldrafélög eru starfandi við báðar starfsstöðvar leikskólans og eru þau í góðu samstarfi við stjórnendur og stafs menn og styðja vel við leikskólastarfið.
- Foreldrar þekkja einkunnarorð leikskólans.
- Foreldrar eru ánægðir með daglega upplýsingagjöf frá leikskólanum.
- Skipulagt og gott samstarf er á milli leikskóla og grunnskóla.
- Samstarf er á milli leikskóla og tónlistarskóla.
- Á báðum starfsstöðvum hefur verið gerð handbók fyrir foreldra.

### Tækifæri til umbóta

- Kjósa þarf foreldraráð fyrir leikskólann.
- Foreldraráð þarf að funda reglulega og setja sér starfsáætlun og vinnureglur.
- Sem liður í að sameina starfsstöðvarnar væri æskilegt að gefa út eina foreldrahandbók fyrir leikskólann.
- Æskilegt væri að taka upp samræðu við foreldra um upplýsingagjöf til þeirra varðandi þroska og framfarir barnanna.
- Uppfæra þarf heimasíðu leikskólans.

## Skóli án aðgreiningar

### Sérfræðiþjónusta og sérkennsla

Við leikskólann starfa tveir sérkennslustjórar í samtals 103% stöðugildum, annar á Krúbóli og hinn í Krílakoti. Annar er með leikskóla- og hinn með grunnskólakennaramenntun. Þeir bera ábyrgð á skipulagi sérkennslu, samskiptum við greiningaraðila og búa til einstaklingsáætlanir fyrir börn sem njóta sérkennslu. Foreldrar koma ekki að gerð einstaklingsáætlana fyrir sín börn en samkvæmt sérkennslustjórunum fá þeir áætlanirnar óski þeir eftir því. Teymi er myndað um börn sem eru með formlega greiningu. Í teyminu eru: sérkennslustjóri, foreldrar, fulltrúi frá skólaþjónustu og stuðningsaðili barnsins. Teymisfundir eru á fimm vikna fresti. Leikskólinn getur leitað til Félags- og skólaþjónustu Snæfellsbæjar vegna barna sem þarfnast sérstaks stuðnings. Foreldrar barna sem njóta sérstakrar málörvunar eru upplýstir um vinnuna og fá skýrslu um framfarir barna í árlegum foreldrasamtölum hjá hópstjórum.

Málörvun fer fram í einstaklingskennslu þar sem sérkennslustjórar þjálfa framburð og málþroska. Stuðningsaðilar fyrir börn með greiningu vinna með þau inni í barnahópnum. Sérkennslustjórar búa til einstaklingsáætlanir sem stuðningsaðilar fara eftir. Upplýsingum um einstaklingsáætlanir er miðlað til hópstjóra deildanna og eiga allir starfsmenn á deildinni að þekkja til þeirra.

Alltaf er rætt við foreldra áður en erindi er sent til sálfræðings eða talmeinafræðings og umsóknareyðublöð eru alltaf undirrituð af foreldrum<sup>66</sup>.

### Börn með annað móðurmál en íslensku

Stórt hlutfall barna í leikskólanum á annað móðurmál en íslensku. Ekki hefur verið mótuð stefna um móttöku þeirra barna en alltaf er þó kallaður til túlkur í foreldraviðtölum. Leitað er til starfsmanna leikskólans sem tala móðurmál barnanna um aðstoð við aðlögun og samskipti. Leikskólinn nýtir gögn frá Reykjavíkurborg til að auðvelda samskipti við foreldra af erlendum uppruna svo sem upplýsingablað vegna móttöku barna, kynningarbæklinga um leikskóla o.fl.

Ekki er unnið markvisst með fjölbreytileikann í barnahópnum og heimamenningu þeirra. Helst nefndu starfsmenn að þeir reyndu að syngja einstaka lag á tungumáli barnanna eða fá foreldra til að koma með mat sem væri einkennandi fyrir heimalandið. Á þessu væri þó engin regla.

Skiptar skoðanir eru á því hvort börnin megi tala sitt móðurmál í leikskólanum en reynt er að virkja þau sem mest í leik og starfi. Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku fá málörvun hjá sérkennslustjóra<sup>67</sup>.

#### Styrkleikar

- Sérkennslustjórar eru starfandi við leikskólann.
- Skipulag sérkennslu er það sama á báðum starfsstöðvum.
- Unnið er sérstaklega að málörvun barna sem eru með annað móðurmál en íslensku.

#### Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að móta stefnu varðandi stuðning/sérkennslu í leikskólanum.
- Samræma ætti og hvernig málörvun barna fer fram og reyna að auka áherslu á að hún fari meira fram inni í barnahópnum í almennu starfi.
- Mikilvægt er að mótuð verði stefna í leikskólanum varðandi börn sem eiga annað móðurmál en íslensku og auka þekkingu starfsmanna á þessum hópi.

<sup>66</sup> Viðtal við sérkennslustjóra.

<sup>67</sup> Viðtal við sérkennslustjóra.

## Innra mat

Í gögnum leikskólans kemur ekkert fram um vinnu við innra mat. Að sögn leikskólastjóra eru ekki notuð viðurkennd matstæki í leikskólanum en í undirbúningi er að nýta fésbókarsíðu foreldra til að setja inn stuttar könnunarspurningar<sup>68</sup>.

### Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn þarf að gera áætlun um innra mat á starfi leikskólans. Velja viðurkenndar leiðir og verkfæri til að meta starfið, auka þekkingu starfsmanna og setja matið í framkvæmd. Leggja þarf áherslu á að allir innan leikskólasamfélagsins komi að matinu, starfsmenn, foreldrar og börn.
- Greinargerðir um innra matið og umbótaáætlun á að birta á heimasíðu og/eða starfsáætlun leikskólans.

## Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi Leikskóla Snæfellsbæjar: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

### Styrkleikar

- Starfsmenn hafa sameinast um einkunnarorð/gildi fyrir leikskólann.
- Útileiksvæði og nærumhverfi gefur möguleika á þroskaeflandi leikjum og verkefnum.
- Lögð er áhersla á leikinn sem náms- og þroskaleið barnanna.
- Lögð er áhersla á markvissa málörvun.
- Verið er að vinna að læsisstefnu fyrir leikskólann.
- Áherslur í skólastefnu Snæfellsbæjar endurspeglast í starfi leikskólans.
- Stjórnendur funda reglulega með fræðslunefnd sveitarfélagsins.
- Góð samvinna er við Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn.
- Framkvæmdaáætlun til eins árs með markmiðum og aðgerðum liggur fyrir.
- Áætlun um viðbrögð við áföllum hefur verið skráð.
- Rýmingaráætlun vegna bruna liggur fyrir.
- Áætlun er til um upphaf leikskólagöngu barna.
- Mótuð hefur verið jafnréttisstefna.
- Sveitarfélagið styður við starfsmenn sem mennta sig í leikskólafræðum.
- Símenntunaráætlun er unnin út frá greiningu á þörf og væntingum starfsmanna til símenntunar.
- Starfsmenn fá tækifæri og svigrúm til símenntunar.
- Starfsmenn hafa trú á gæðum leikskólastarfsins og eru stoltir af starfi sínu.
- Tækifæri til vettvangsferða og útináms er mjög gott.

<sup>68</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

- Í leikskólanum er skóladagatal fyrir skólaárið og mánaðarskipulag þar sem fram kemur hvaða þema er unnið með hvern mánuð.
- Leikskólinn setur upp sérstaka sumarátætlun þar sem lögð er áhersla á vettvangsferðir og að nýta svæði utan leikskólans meira fyrir frjálsan leik.
- Valkerfi á Kríubóli styrkir sjálfstæði barna og lýðræðislega þátttöku.
- Unnið er með læsi og í vinnslu er að auka þá vinnu og samræma milli starfsstöðva. Einnig er í undirbúningi að auka þekkingu starfsmanna með utanaðkomandi fræðslu.
- Unnið er með flokkun á báðum starfsstöðum.
- Unnið er markvisst með Númikon og markvissa málörvun á báðum starfsstöðum.
- Verið er að endurskoða og bæta gæði matarins í leikskólanum.
- Andrúmsloft leikskólans er afslappað og foreldrar telja að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Starfsmenn eru stoltir af starfi sínu og bera mikla umhyggju fyrir börnunum.
- Foreldrafélög eru starfandi við báðar starfsstöðvar leikskólans og eru þau í góðu samstarfi við stjórnendur og stafsmenn og styðja vel við leikskólastarfið.
- Foreldrar þekkja einkunnarorð leikskólans.
- Foreldrar eru ánægðir með daglega upplýsingagjöf frá leikskólanum.
- Skipulagt og gott samstarf er á milli leikskóla og grunnskóla.
- Samstarf er á milli leikskóla og tónlistarskóla.
- Á báðum starfsstöðvum hefur verið gerð handbók fyrir foreldra.
- Sérkennslustjórar eru starfandi við leikskólann.
- Skipulag sérkennslu er það sama á báðum starfsstöðvum.
- Unnið er sérstaklega að málörvun barna sem eru með annað móðurmál en íslensku.

### Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Leita þarf leiða til að húsnæði leikskólans í Ólafsvík uppfylli kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.
- Huga þarf að endurbótum á húsnæði, lóð og leiktækjum leikskólans.
- Draga þarf fram þær hugmyndafræðilegu áherslur sem leikskólastarfið tekur mið af og skilgreina stefnu og markmið í framhaldi af því.
- Gera mætti einkunnarorðin sýnilegri í leikskólanum og starfi hans.
- Leggja þarf áherslu á að ljúka við gerð skólanámskrár sem tekur mið af Aðalnámskrá leikskóla 2011 og birta á heimasíðu leikskólans.
- Í samræmi við Aðalnámskrá 2011 þarf að vinna árlega starfsáætlun og birta á heimasíðu leikskólans.
- Skólanámskrá og starfsáætlun skal vinna í samstarfi við leikskólakennara, aðra starfsmenn, börn og foreldra.
- Skrá ætti verkferla vegna slysa og hafa sýnilega á deildum leikskólans.
- Öryggis- og rýmingaráætlun ætti að vera sýnileg á öllum deildum leikskólans og gera þarf rýmingaræfingar reglulega.



- Skrá þarf verklag um móttöku og upplýsingagjöf til nýrra starfsmanna.
- Gera þarf skipurit með starfslýsingum fyrir leikskólann og skrá hlutverk, verkaskiptingu og ábyrgðarsvið stjórnenda.
- Taka þarf starfspróunarsamtöl reglulega.
- Huga þarf að því hvernig hægt er að sameina starfsmenn Kríubóls og Krílakots í einn samheldinn starfsmannahóp.
- Styðja þarf sérstaklega við hópstjóra sem ekki fá fastan undirbúningstíma.
- Leita þarf leiða til að bæta starfsanda í leikskólanum og líðan starfsmanna.
- Æskilegt er að stjórnendur fylgist með námi og starfi í því skyni að veita starfsmönnum endurgjöf.
- Þörf er á að vinna með styrkleika beggja starfsstöðva og skapa samræmi í fagstarfi leikskólans.
- Æskilegt væri að meta aðferðir við flokkun í leikskólanum og fá foreldra í samstarf um sjálfbærni.
- Í tengslum við vinnu með læsi mætti auka þátt ritmáls í leikskólanum Kríubóli.
- Bækur ættu að vera sýnilegri og aðgengilegar fyrir börnin.
- Viðbrögð við erfiðri hegðun barna ættu að vera skráð og þau sömu á báðum starfsstöðvum.
- Æskilegt væri að nota fleiri viðurkenndar aðferðir við mat á námi og velferð barna.
- Kjósa þarf foreldraráð fyrir leikskólann.
- Foreldraráð þarf að funda reglulega og setja sér starfsáætlun og vinnureglur.
- Sem liður í að sameina starfsstöðvarnar væri æskilegt að gefa út eina foreldrahandbók fyrir leikskólann.
- Æskilegt væri að taka upp samræðu við foreldra um upplýsingagjöf til þeirra varðandi þroska og framfarir barnanna.
- Uppfæra þarf heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt er að móta stefnu varðandi stuðning/sérkennslu í leikskólanum.
- Samræma ætti og hvernig málörvun barna fer fram og reyna að auka áherslu á að hún fari meira fram inni í barnahópnum í almennu starfi.
- Mikilvægt er að mótuð verði stefna í leikskólanum varðandi börn sem eiga annað móðurmál en íslensku og auka þekkingu starfsmanna á þessum hópi.
- Leikskólinn þarf að gera áætlun um innra mat á starfi leikskólans. Velja viðurkenndar leiðir og verkfæri til að meta starfið, auka þekkingu starfsmanna og setja matið í framkvæmd. Leggja þarf áherslu á að allir innan leikskólasamfélagsins komi að matinu, starfsmenn, foreldrar og börn.
- Greinargerðir um innra matið og umbótaáætlun á að birta á heimasíðu og/eða starfsáætlun leikskólans.

## Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Leikskóla Snæfellsbæjar leiðir í ljós að þar fer fram gott leikskólastarf sem er í góðu samræmi við áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins. Starfsmenn leggja metnað sinn í að vinna vel og skapa börnunum góð uppeldis- og þroskaskilyrði. Börnunum líður vel og foreldrarnir eru ánægðir með leikskólann og samskipti við stjórnendur og starfsmenn. Samstarf milli leikskólans og grunnskólans er gott sem og samstarf leikskólans við nærsamfélagið. Áfram þarf að leita leiða til að fá fleiri leikskólakennara til starfa og styrkja ófagmenntaða starfsmenn leikskólans til að mennta sig til starfsins. Gera þarf lagfæringar á húsnæði svo það standist lög og reglugerðir. Auka má áhrif barnanna á skipulag starfsins og þátttöku þeirra í ákvörðunum. Vinna þarf að skólanámskrá og starfsáætlun fyrir sameinaðan leikskóla með þátttöku barna og foreldra og koma á foreldraráði. Auka þarf innra mat leikskólans og tryggja að raddir allra hópa heyrist.



## Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 12. maí 2016. Slóðin er:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>

Ársskýrsla Leikskóla Snæfellsbæjar Krílakots og Kríubóls 2012–2013

Betra nám. Sótt á vef 11. maí 2016. Slóðin er:

<http://betranam.is/blog/staerdfraedi-er-hluti-af-daglegu-lifi/>

Ingigerður Stefánsdóttir, Hermína K. Lárusdóttir og Steinunn D. Ingibjörnsdóttir. (2016). Starfsmannahandbók Leikskóla Snæfellsbæjar. Virðing, vinátta og gleði.

Jafnréttisstefna Leikskóla Snæfellsbæjar.

Leikskóladagatal 2015–2016.

Leikskólinn Krílakot. (2007). Skólanámskrá 2007 – virðing og virkni.

Leikskólinn Kríuból. (E.d.). Skólanámskrá.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Niðurstöður viðhorfskönnunar nóvember 2015. Leikskólar Snæfellsbæjar.

Skólafélag Snæfellsbæjar: Nám og náttúra.

Skýrsla um öryggiskönnun á leikskólum Snæfellsbæjar. Hausti 2010

Viðtöl:

Símtal við formann fræðslunefndar.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við sérkennslustjóra.



